

Símafundur í stjórn Minjasafns Austurlands, 26. febrúar 2015 kl. 15:00.  
Mættir eru Marianna Jóhannsdóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir,  
Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar, Gunnar  
Jónsson varamaður ásamt Unni Birnu Karlsdóttur safnstjóra. Unnur Birna  
vék af símafundi á meðan liður 4 var ræddur.

#### 1. Skýrsla safnstjóra

Uppsetning nýrrar sýningar í fullum gangi, heimildavinna og fleira.  
Stærsta mál sýningarinnar var leikmyndin og hún er tilbúin. Til eru munir í  
eigu safnsins, annað er að koma að láni. Stefnir safnstjóri á að klára alla  
undirbúningsvinnu fyrir páska, til að eiga apríl og maí til að leggja lokahönd  
á sýninguna. Stefnt er á opnun í lok maí og að opna safnið og sýninguna  
fyrir almenningi 1. júní 2015. Það sem helst er að tefja núna eru  
ljóskastaramál, en verið er að bíða eftir nýjum erlendis frá. Safnstjóri bendir  
á að ljósabúnaður safnsins sé að verða úreltur, hér sé verið að fara ódýra leið.

#### 2. Opnunartími safnsins

Hugmynd um að hafa svipaðan opunaríma og bókasafnið hefur. Það  
er, að á virkum dögum sé opið 11:30 - 19:00 og um helgar sé opið 10:30 -  
18:00. Áður var safnið aðeins opið fjóra tíma yfir daginn. Vel tekið í að  
lengja opnunartímann og samþykkt. Allir einnig sammála um að auglýsa vel.

#### 3. Starfsmannamál

Með auknum opnunartíma þarf að ráða sumarstarfsfólk. Safnstjóri  
með þær hugmyndir að fá tvo sumarstarfsmenn sem vinna á átta tíma  
vöktum, sem uppfyllir ákvæði kjarasamninga. Annar aðilinn kæmi í gegnum  
Afl -Starf vinnumiðlun og væri starfandi 1. maí - 31. ágúst 2015. Með  
þessum starfsmanni kæmi mótframlag. Hinn aðilinn væri menntaskólanemi  
og væri starfandi 1. júní - 31. ágúst 2015. Þessar ráðningar rúmast innan  
fjárhagsáætlunar, sé miðað við að safnstjóri sé í 20% starfi frá 1. júní 2015.

#### 4. Starf safnstjóra

Ýmsar hugmyndir ræddar varðandi safnstjóramál. Samkomulag um að  
auglýsa eftir nýjum safnstjóra. Stjórn sammála um að það séu góðar  
forsendur fyrir því að hafa núverandi safnstjóra í 20% starfi til 30.  
september, þá myndi nýr safnstjóri fá góðan tíma til að koma sér inn í mál  
safnsins.

#### 5. Önnur mál

Spurt er um næsta fund. Unnur Birna upplýsir að enn vanti gögn frá

KB  
MDGH  
GF.  
Moi

Fljótshéraði, en á þeim sé von innan viku. Þá liggur allt fyrir og því hægt að halda næsta aðalfund innan mánaðar.

Fundi slitið kl. 16:10

Margrét Dóttir  
Kristj. 13  
Guðfríður Fugvarsdóttir  
María Jónsdóttir